

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr:

- a. orðin „18 ára og eldra“ falla brott.
- b. Í stað orðana „á heimili sínu“ kemur; þar sem það á heimili.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr:

- a. Orðin „frekari liðveisla, þ.e.“ í d. lið falla brott.
- b. E-liður orðast svo: „*Þjónustuaðili*: Sveitarfélag eða lögaðili um rekstur þjónustuvæði, sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu á heimilum fatlaðs fólks, eða lögaðili sem veitir þjónustu samkvæmt samningi við sveitarfélag eða þjónustuvæði.
- c. Liðir g-k falla brott.

3. gr.

6. gr. fellur brott.

4. gr.

Við 7. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, á eftir 1. mgr. sem verða 2. og 3. mgr. svohljóðandi: „Sé umsókn skv. 4. gr. samþykkt skulu umsækjandi og þjónustuaðili gera í sameiningu einstaklingsbundna þjónustuáætlun um hvernig sérstakur stuðningur verði veittur. Miðað skal við að gengið sé frá áætlun innan tólf mánaða frá því að umsókn berst sveitarfélagi. Þjónustuaðili, og sveitarfélag, ef það er ekki þjónustuveitandi, og notandi skulu árlega endurskoða áætlun með tilliti til þarfa viðkomandi.

Þess skal gætt að sjálfsákvörðunarréttur fólks sé virtur. Geti einstaklingur ekki talað fyrir sig sjálfur skal leita allra leiða til að öðlast skilning á því hver vilji hans er og í því skyni leitað til þeirra sem þekkja hann best. Þess sé gætt að viðkomandi njóti stuðnings aðstandanda eða persónulegs talsmanns við gerð áætlunarinnar.“

5. gr.

11. gr., 3.-6. mgr. 12. gr., 13. gr. og V. kafli falla brott.

6. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur brott.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, tekur þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, X. janúar 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Nafn ráðuneytis-, skrifstofustjóra.

DRÖG